

Önnur alþjóðlega píanókeppni WPTA Iceland IPC26 14. - 16. ágúst 2026 í Salnum Kópavogi.

Önnur alþjóðlega píanókeppnin á Íslandi fer fram í Salnum í Kópavogi samhliða sumarnámskeiðinu á vegum Opna LHÍ. Í dómnefnd keppninnar verða alþjóðlegir þekktir listamenn sem munu jafnsframt koma fram á tónleikum og masterklössum. Ahersla píanókeppninnar er að byggja upp alþjóðlegan vettvang fyrir næstu kynslóð hæfileikaríkra píanóleikara á aldrinum 10-25 ára, og gefa þeim tækifæri til að efla sig í píanóleik gegnum samkeppni í vinalugu umhverfi. Viðburðir píanókeppninnar eru opnir almenningi án endurgjalds.

Við bjóðum upp á alþjóðlegan vettvang þar sem efnilegir píanónemendur geta láta ljós sitt skína, eftt færni sína, víkkað sjóndeildarhringinn og byggt upp þroskandi tengsl við annað tónlistarfólk og kennara alls staðar að úr heiminum.

Aldursflokkar (miðað við aldur 4. 8. 2026) og þáttökugjald (óendurgreiðanlegt)

- I - 10-14 ára - þáttökugjald 15.000 kr / EUR 100
- II - 15-19 ára - þáttökugjald 15.000 kr / EUR 100
- III - 20-25 ára - þáttökugjald 15.000 kr / EUR 100

Fyrri umferð – innsendar myndbandsupptökur á Youtube, frjálst verkefnaval.

Umsóknarfrestur opnar 1. Febrúar og er lokafrestur 1.6. 2026, hámarksfjöldi 45. Öllum umsóknum verður svarað fyrir 7.1. 2026.

- I - 10-14 ára - 5-6 mínútur
- II - 15-19 ára - 7-8 mínútur
- III - 20-25 ára - 10-12 mínútur

Seinni umferð fer fram í Salnum í Kópavogi 14.-15. ágúst – Verðlaunaafhending 16. ágúst

Verkefnalistar - frjálst verkefnaval, leyft er að flytja verk úr fyrri umferð.

- I - 10-14 ára – hámark 10 mínútur
- II - 15-19 ára – hámark 15 mínútur
- III - 20-25 ára – hámark 20 mínútur

Verðlaun:

Keppt er í þremur flokkum og verðlaunafé samtals 500.000 kr. (3500 evrur) veitt fyrir framúrskarandi tónlistarflytjendur, íslenska sem erlenda. Verðlaunin eru veglega styrkt af Tónastöðinni og Steinway. Flokkarnir eru: I flokkur 10-14 ára; II flokkur 15-19 ára; III flokkur 20-25 ára. Verðlaunaféð skiptist þannig:

- I flokkur heildarverðlaun 65.000 kr. / 420 Eur;
- II flokkur heildarverðlaun 210.00 kr. / 1400 Eur
- III flokkur heildarverðlaun 250.000 kr / 1680 Eur.

Reglur og nánari upplýsingar:

- Umsókn þarf að senda til iceland@wpta.info og með umsókn þarf að fylgja kvittun fyrir greiðslu umsóknargjalds, afrit af vegabréfi og skýr portrett ljósmynd
- Vinsamlegast tilgreinið námsstig, verkalista fyrir fyrstu og aðra umferð, kennara og tónlistarskóla í umsókn
- Með umsókn þarf að fylgja youtube myndbands hlekkur með verkum fyrir fyrstu umferð. Youtube hlekkurinn þarf að vera “unlisted” og “unedited”
- Einungis einleiksverk koma til greina og skulu flutt utanbókar
- Verðlaun fyrir frábæra frammistöðu í keppninni verða veitt í öllum aldursflokkum að tillögu dómnefnda

- Allir keppendur í seinni umferð fá Diploma og umsögn frá dómnefnd
- Niðurstaða dómnefndar er endanleg
- Dómari vikur sæti ef um ræðir tengsl við keppendur til að tryggja hlutleysi í mati á frammistöðu
- Allur kostnaður vegna ferða og uppihalds er á ábyrgð þátttakenda
- Með þátttöku í keppninni samþykkja keppendur að öllum upptökum, ljósmyndum og öðrum upplýsingum verði heimilt miðla á vefnum, samfélagsmiðlum, Youtube og öðrum slíkum vettvangi á meðan keppninni stendur og eftir að henni lýkur, í kynningarskyni fyrir verkefnið
- Keppnin ber enga ábyrgð á umsóknum sem misfarast
- Farið verður með allar umsóknir og fylgigögn sem trúnaðargögn og þeim ekki deilt til 3. aðila

ATH. Þátttökugjald er óendurgreiðanlegt og þarf að millifæra inn á bankareikning Félags íslenskra píanóleikara og setja nafn keppanda í skýringu:

IBAN IS80 0133 1501 0770 4912 2408 80

SWIFT (BIC) NBIISRE

Account owner: Félag íslenskra píanóleikara / The Society of Icelandic Pianists

National Id. / Kennitala: 491224-0880

Address: Skólagerði 7

200 Kópavogur

Iceland

Hámarksfjöldi þátttakenda 45
